# Kennsluáætlun fyrir 10. bekk skólaárið 2021-2022

**Íslenska**
Íslenska er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

**Haustönn 2021**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>20.9-24.9<br>18.10-22.10 | Í vetur er unnið áfram með málfræði, bókmenntir, ritun og tjáningu.<br><br>Málfræði<br>● áfram unnið með orðflokkana, með áherslu á hætti sagna, myndir sagna, lýsingarhætti, núþálegar sagnir, forsetningar, atviksorð og hljóðbreytingar.<br>● áhersla á setningaskipan<br><br>Ritun<br>● lögð meiri áhersla á að nemendur leiðrétti sjálfir stafsetningu með tilliti til þekkingar sinnar.<br>● áhersla á persónulega túlkun og þróun eigin stíls í ritun.<br>● áhersla á lestur bókmennta og ljóða til gagns og afþreyingar. Fjallað um stefnur í bókmenntasögunni og ljóðgreiningu.<br>● Laxdæla saga verður lesin og unnin verkefni í tengslum við hana.<br>● Lögð áhersla á að sýna nemendum fram á notkunarmöguleika málsins í framsögn, ræðumennsku, fundarsköpum, ákvarðanar tökuferli, umræðum og fleira.<br>Minni leikþættir settir upp með áherslu á |

**Vorönn 2022**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>03.01<br>24.01 | Málfræði<br>● áfram unnið með orðflokkana, með áherslu á hætti sagna, myndir sagna, lýsingarhætti, núþálegar sagnir, forsetningar, atviksorð og hljóðbreytingar.<br>● áhersla á setningaskipan<br><br>Ritun<br>● lögð meiri áhersla á að nemendur leiðrétti sjálfir stafsetningu með tilliti til þekkingar sinnar.<br>● áhersla á persónulega túlkun og þróun eigin stíls í ritun.<br>● áhersla á lestur bókmennta og ljóða til gagns og afþreyingar. Fjallað um stefnur í bókmenntasögunni og ljóðgreiningu.<br>● Laxdæla saga verður lesin og unnin verkefni í tengslum við hana.<br>● Lögð áhersla á að sýna nemendum fram á notkunarmöguleika málsins í framsögn, ræðumennsku, fundarsköpum, ákvarðanatökuferli, umræðum o .fl.<br>Minni leikþættir settir upp með áherslu á spaugilega hliðar mannlífsins, jafnvel sjálfsgagnrýni á spaugilegan hátt. |

**Stærðfræði**
Stærðfræði er kennd í tveim lotum og í einum föstum fagtíma á viku allt skólaárið.

**Haustönn 2021**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>27.09-15.10 | Á haustönn er farið yfir eftirfarandi þætti í stærðfræði:<br>● Almenn brot<br>● Veldi og rætur<br>● Hlutföll, prósentur og vextir<br>● Jöfnur |

**Vorönn 2022**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>28.02-25.03 | Á vorönn er farið yfir eftirfarandi þætti í stærðfræði:<br>● Hnitakerfið<br>● Línuleg föll<br>● Fleygboga<br>● Rúmfræði |

**Erlend tungumál**
**Enska**

| | |
|---|---|
| Haustönn<br>Tímabil<br>29.11-17.12 | Talað mál<br>● enska samþætt við leiklist, tal- og framburðaræfingar, framsögn á bókakynningu<br>Lestur<br>● tvær skáldsögur lesnar<br>Hlustun<br>● hlustun á upplestur<br>Orðaforði<br>● fræðitextar og textar tengdum völdum viðfangsefnum í tengslum við mannkynssögulotur rýndir<br>Málfræði<br>● orðaröð og setningafræði<br>Ritun<br>● uppsetning og gerð ritgerða<br>● bókakynningar<br>● réttritun<br>● skapandi skrif |

**Danska**

| | |
|---|---|
| Haustönn<br>Tímabil<br>01.11-26.11<br><br><br><br><br><br>Vorönn<br>Tímabil<br>28.02-25.03 | Talað mál<br>● upplestur og samræður<br>Lestur<br>● greinar um uppfinningamenn (og konur), blaðagreinar og sögur<br>Hlustun<br>● hlustun á upplestur<br>Orðaforði<br>● þýðingar á greinum og völdum textum<br>Málfræði<br>● sagnir og tíðir þeirra<br>● sterka og veika beygingu sagna og lýsingarorða<br>● ákveðin og óákveðin greinir<br>Ritun<br>● réttritunaræfingar og skapandi skrif |

**Val**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>27.09-15.10 | Nemendur geta valið á milli finnsku, hollensku og táknmáls |
| Allt skólaárið | Nemendur velja sér lokaverkefni og vinna að því jafnt og þétt yfir árið. Á útskriftardegi halda nemendur munnlega kynningu á lokaverkefni sínu og lokaafurð. |

**List- og verkgreinar**
**Handavinna**

| | |
|---|---|
| Vorönn<br>18.04-14.05<br><br>16.05-10.06 | Verkefni vetrarins er að hver nemandi geri hettupeysu á sig. Lagt er upp með grunnsnið sem nemendur þurftu að útfæra eftir eigin málum. Í grófum dráttum má lýsa verkefninu á þessa leið; skrifuð er verklýsing sem unnin var í sameiningu, nemendur hjálpast að við að taka mál af hvort öðru, snið er útfært, mælt er hversu mikið efni þarf i flíkina, hver nemandi sér um að versla efni fyrir sig, sniðið og að lokum hettupeysan saumuð í saumavél. Það krefst góðrar samvinnu, útsjónarsemi , verkkunnáttu og nákvæmni til að útfæra slíkt verk. |

**Smíði**

| | |
|---|---|
| Steinhögg<br>Tímabil<br>23.08-17.09<br><br>Eldsmíði<br>Tímabil<br>01.11-26.11<br><br>Smíði<br>03.01-28.01 | Unnið í íslenskt grjót undir leiðsögn steinsmiðs. Andlit hogginn í stein með hamri og meitil.<br><br>Eldmíði. Aðalverkefni er að smíða smjörhníf úr hnífastál. Nemendur hanna skaftið. Læra nýjar aðferðir: að spennujafna hnífinn, að herða í olíu og loks að tempra hann. Auk þess eru valfrjáls verkefni eins og skartgripasmíði eða að smíða hlut með notagildi eins og skóhorn.<br><br>Verkefnið er að gera skál í þurrann harðvið eða lítinn koll.<br>Skálin; Með því að lesa í viðinn og sjá hvaða möguleika hann gefur er grunnurinn gefinn í hönnunarvinnunni. Valinn er sá hluti sem hentar hverjum og einum hvort sem er í litla eða stóra skál. Aðalvinnan er að nota holjárn og hola út skálina og síðan að móta hið ytra að hinu innra. Síðan er pússað og olíuborið.<br>Kollur; Fyrst er hönnunarvinnan og síðan nákvæmar mælingar og teikningar. Sérstaklega þarf að teikna halla fótanna og ákveða hvernig þeir koma í stólsetu. Þrír fætur tálgaðir í ösp á tálgunarhest og setan gerð úr harðviði og notað holjárn. Pússað og olíuborið. |

**Tónlist**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>16.05-10.06 | Vettvangsferð á haustönn á óperu eða einstaklingstónleika Symfóníu Íslands.<br><br>Nemendur æfa að spila á afrískar trommur með Check Bangora<br>● tónmyndun og hljóm<br>● trommukennari leiðir hópinn í rythma í hluta lotunnar<br>Nemendur æfa<br>● samsöngur á lögum frá öllum tónlistargeirum og mismunandi menningum sem og samspilshópum með söng og hljóðfæri.<br><br>Nemendur læra<br>● tónlistarsöguna<br>● umræður um tónlist sem list og listjáningu og sem afþreyingu og neysluvöru. |

**Dans**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>23.08-17.09 | Kenndir eru para - og samkvæmisdansarnir Kizomba og Salsa.<br>Farið í sögu og eðli dansanna, uppbyggingu tónlistarinnar og hvernig takturinn virkar með dansinum, æft að finna takt og tengja við spor og samhæfingu, bæði í einstaklings og paradansi. |

**Leiklist**

| | |
|---|---|
| Tímabil | |

| | |
|---|---|
| Haustönn<br>29.11-17.12<br><br>Vorönn<br>Reglulegar æfingar yfir alla vorönn | Leikhúsferð á sýninguna Vertu úlfur<br><br>Unnið með Lísu í Undralandi og sett upp leikrit. Atriði úr sögunni sýnt í jólaskemmtun skólans. Leiksýning í lok vorannar. |

**Myndlist**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>28.02-25.03 | Tenging við listasögu frá endurreisn til popplistar. Unnið með ýmsa þætti myndlistar svo sem:<br>● gera svarthvítar trykk myndir í anda Durer.<br>● teikna mannamyndir eða portrett í anda Rembrant og Vermeer.<br>● litaupplifanir og blöndun lita.<br>● hreinir frumlitir blandaðir til að mynda svarta, gráa og brúnlitaða tóna.<br>● Aðferðir til að ljósið komi inn í myndina á anna hátt en áður hefur verið æft.<br>● (Þetta þrennt fyrir ofan í tengslum við impressíonisma)<br>● gera auglýsingu og klippimyndir í anda popplistar. |

**Samfélagsfræði**

| | |
|---|---|
| Mannkynssaga<br>Tímabil<br>31.01-25.02<br><br>Þjóðfélagsfræði<br>Tímabil<br>18.04-13.05 | Kalda stríðíð<br>Geo pólitískt kort 30 ár eftir fall Berlínarmúrsins:  Kína, Rússland, USA, Indland, Brasilía, Miðausturlönd<br><br>Þriskipting rikisvaldsins<br><br>Skyldur, réttindi og ábyrgð í lýðræðislegu samfélagi. Stjórnarskrá. Stjórnmálaflokkar. Vettvangsferð á Alþingi. |

| | |
|---|---|
| Trúabragðafræði<br>Haustönn<br><br>Starfskynningar<br>Tímabil<br>08.03-26.03 | Nemendur læra um stóru heimstrúarbrögðin, kristni, gyðingdóm, íslam, hinduisma og búddisma með áherslu á að þekkja gildi trúarbragða, hugsunarhátt og menningu annarra trúarflokka.<br><br><br>Í vetur verður lögð áhersla á að allir fari í starfskynningar. Markmiðið er að kynnast atvinnulífinu í landinu betur. Nemendur vinna að vali starfsvettvangi. Unnin verkefni út frá því. |

**Náttúrufræði**

| | |
|---|---|
| Vistfræði<br>Tímabil<br>23.08-24.09 | Nemendur verða í verklegri útivinni í skólagarðinum. Undirbúa ormakassa fyrir moltugerð. Ormakompost í stofunni og ormadagbók allt skólaárið - að æfa að gera athuganir og bera ábyrgð á öðrum lífverum í samvinnu við aðra.<br>Nemendur æfa sýn á að vistkerfin er sjálfstýrandi heild sem leitast við að viðhalda jafnvægi og að geta tekið þátt í umræðum um málefnið og skrifað eigin texta sem lýsa þessu ferli.<br>● Samband einstakra lífvera við umhverfi sitt og hvernig þær bregðast við og aðlagast.<br>● Hringrásarferli í manneskjunni og mismunandi lífríkjum. |

| | |
|---|---|
| Efnafræði<br>Tímabil<br>18.4.-29.4. | Nemendur fræðast um:<br>● grunnþætti efnafræðinnar<br>● efnafræðileg kerfi, lotukerfið<br>● atómísk líkön<br>● kolefnishringrásin<br>● lífrænar sýrur; áfengi, sýrur og basar og bragðefni<br>● gróðurhúsaáhrifin<br>● oxun og fækkun<br>● efnaferlar jarðolíu |

| | |
|---|---|
| Eðlisfræði<br>Tímabil<br>07.02-25.02<br><br><br>18.04-13.05 | Nemendur læra um hita og aflfræði. Tekið verður fyrir:<br><br>● gufuhverfill, gufuvél, ísskápur, varmadæla<br>● innri brennsluvél, eldflaugavél<br>● nútíma hitaveituvélar /tæki<br>● orka<br>● jöfnur<br><br>Nemendur æfa að draga sjálfstæðar ályktanir af upplýsingum og tilraunum í riti, máli og myndum og víkka skilning sinn á eðlisfræðinni og ólíkum þáttum hennar. |

| | |
|---|---|
| Landafræði | Heimsálfurnar Asía, Afríka, Ástralía, og Ameríka. |

| | |
|---|---|
| Samþætt við samfélagsfræði | ● sérkenni<br>● lífsskilyrði<br>● auðlindir<br>● löndin |

**Lífsleikni**

| | |
|---|---|
| Lífsleikni<br>Furudalsvika<br>20.09-24.09 | Lífsleiknivika<br>Nemendur fara eftir morguntíma í Furudal. Nemendur fara í hlutverkaleik þar sem iðnir þorpsbúar byggja einföld hús, gera hlóðir, kvekja elda, baka pinnabrauð, tálga, jurtalita ullarband og berjast við dreka sem búa í nærliggjandi skógi. Allir nemendur taka þátt ásamt kennurum og starfsfólki skólans.<br><br>Nemendur í 10. bekk eru drekar í drekaleiknum, árlegri lífsleikniviku. Því að vera dreki fylgir mikil ábyrgð. Hlutverkið reynir á getuna til að aðlagast mismunandi aðstæðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Hlutverkin krefjast færni eins og sjálfsígrundun, lausnamiðaðri hugsun og færni í mannlegum samskiptum. |
| Tímabil | Skólaferðalag<br>Markmið er að fara til Ítalu,  heimsækja lífelfdan (e.biodynamic farming) bóndabæ líkt og undanfarin ár. Menningarferð til Rómar. Tekið verður mið af samfélagsaðstæðum og ferðin hugsanlega fær nær heimahögunum. |

**Íþróttir og hreyfing**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>Reglulega yfir allt skólaárið | Skokk, gönguferðir og reiðhjólaferðir verða stunduð á skólaárinu<br>Fjallgöngur verða nokkrar yfir árið.  Sundkennsla fer fram í Salalaug. Íþróttir eru kenndar í Fylkishúsinu. |
| Tímabil<br>Ólympíuvika<br>17.05-20.05 | Ólympíuleikar eru settir upp í anda hinna upphaflegu forn-grísku leika og sameinast allir nemendur skólans sem þátttakendur á sérstökum íþróttadegi, en haldin er vikulöng íþróttahátíð í tengslum við leikana. |

**Upplýsinga- og tæknimennt**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>28.03-01.04<br><br>Tæknimennt<br>Ritvinnsla<br>Borgaraleg vitund<br>Stafrænt siðferði | Nemendur kynnast hvernig tölva er sett saman og með hvaða hætti hún starfar.<br>● ihluti tölvunnar og aðgerðir þeirra<br>● örgjörva og vinnsluminni<br>● orð og hugtök æfð til þátttöku í samræðum um tæknilausnir<br><br>Ritvinnsla er samþætt við íslensku.<br>Nemendur gera rafrænar vinnubækur þar sem áhersla er lögð á að<br><br>● afla ritaðra og rafrænna heimilda<br>● setja upp heimildaskrá<br>● uppsetningu ritgerða, inngangur, meginmál, samantekt og niðurstöður<br>● heimildarýna<br><br>Umræður um<br>● starfræna borgaravitund<br>● samfélagsmiðla<br>● stafrænt siðferði<br>● falsfréttir |

**Starfskynningar**

| | |
|---|---|
| Tímabil<br>04.04-08.04 | Nemendur velja sér vinnustað og vinna þar á tímabilinu undir leiðsögn. |

Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar

**Heimildaskrá:**

Aðalnámskrá grunnskólanna, Sótt af . https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=f7d55056-989c-11e7-941c-005056bc4d74

Læreplan for Steinerskolerne. Skólanámskrá Waldorfskólanna í Noregi. Sótt af https://www.steinerskole.no/pedagogikk/laereplan/

En väg til frihet, skólanámskrá Waldorfskóla í Svíþjóð. Sótt af http://www.uppsalawaldorfskola.nu/wp-content/uploads/2018/01/en-vag-till-frihet.pdf